

Pourquoi Pas?

Menningarveislan Pourquoi Pas? – Franskt vor á Íslandi verður opnuð á Vetrarhátíð og í tilefni af því verður sýning franska listamannsins Pierre Huyghe opnuð þann 23. febrúar í Listasafni Reykjavíkur. Sýningin ber nafnið Fagnaðargarðurinn, eða Celebration Park, og er framhald af nýafstöðnum sýningum hans í Tate Modern og Musée d'Art moderne de la Ville í París, en inniheldur einnig ný verk sem ekki hafa verið sýnd áður.
Huyghe hefur vakið mikla eftirtekt síðastliðin ár og er í fremstu röð þeirrar kynslóðar ungra franskra listamanna sem komu fram á listasviðið á síðasta áratug 20. aldar. Hann vinnur með fjölbreytta miðla listanna, einkum kvikmyndir og myndbönd, en einnig veggspjöld, bæklinga og ljósmyndir.



Sinfónían á ferðalagi

Sinfóníuhljómsveit Íslands er nú í níu daga tónleikaferð til Þýskalands, Króatíu og Austurríkis. Tónleikagestum ytra er boðið upp á fjölbreytta efnisskrá sem er mismunandi eftir tónleikastöðum en hún samanstendur af verkunum Galdra-Loftur og Trilogia piccola eftir Jón Leifs, píanókonserti Edvards Grieg og Tilbrigði um stef eftir Paganini eftir Sergej Rakhmanínov, sinfóníu númer 2 eftir Síbelíus og 5. sinfóníu Sjostakovitsj.
Koma Sinfóníuhljómsveitar Íslands til meginlandsins hefur vakið þó nokkra athygli og uppselt hefur verið á suma tónleika sveitarinnar, sem snýr aftur heim til Íslands þann 20. febrúar næstkomandi.

Íslensk-úkraínsk list í GEL

Myndlistarmaðurinn Alexander Zaklynsky opnar í dag sýningu í GEL Galleríi við Hverfisgötu 37. Alexander er hálfur Íslendingur og hálfur Úkraínumaður sem hefur verið búsettur hér á landi í rúmt ár, en þar áður bjó hann í Bandaríkjunum.

„Ég var gestalistamaður í SÍM-húsinu við Hverfisgötu í desember árið 2005 og hef verið með nokkrar sýningar hér, meðal annars nokkrar í yfirgefnum húsum," segir hann.


Hann hefur því haft í nógu að snúast síðan hann flutti hingað til lands og hefur alfarið starfað sem myndlistarmaður. „Ég er á vinnustofunni minni öllum stundum á kafi í vinnu," segir hann eins og sönnum Íslendingi sæmir.

Sérstök opnunarhátíð verður þegar sýningin verður opnuð klukkan 18 og eru allir velkomnir. „Þarna verða alls kyns málverk, bæði stór og smá auk teikninga og skúlptúra. Verkin verða til sölu og sýningin verður opin í þrjár vikur," segir Alexander að lokum.

hilduredda@bladid.net



Vinnur öllum stundum *Myndlistarmaðurinn Alexander Zaklynsky á vinnustofu sinni.*



heilsa
börn
konan
ferðalög
fólk
tónlist
bíó
menning
lífið
íþróttir

Auglýsingasíminn er
510 3744
blaðið